



Reykjavík, 08. júlí 2026

Málsnúmer: USK24020085

Borgarráð

Landakotstún - Sparkvöllur

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna framkvæmda við nýjan sparkvöll á Landakotstúni.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í ágúst 2026 og að þeim ljúki í desember 2026.

Kostnaðaráætlun fyrir heildarverkið er 70 m.kr.

Verkið er á útboðsstigi og kostnaðaráætlun er í flokki 2.

Greinargerð:

Framkvæmdin felst í því að setja upp nýjan sparkvöll með gervigrasi við núverandi leiksvæði á Landakotstúni.

Framkvæmdir fela í sér eftirfarandi verkliði:

- Jarðvegsskipti og landmótun
- Yfirborðsfrágangur, gervigras og þökulögn
- Uppsetning á girðingum við gervigrasvöll

Kostnaðarstaður: 1105

Kostnaðaráætlun heildarverkefnis: 70 m.kr.

Guðni Guðmundsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónusta

Hjálagt:

- Kynning



Reykjavík



Landakotstún - Sparkvöllur


UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd

Framkvæmdin felst í því að setja upp nýjan sparkvöll með gervigrasi við núverandi leiksvæði á Landakotstúni

- Framkvæmdin felst í eftirfarandi
 - Jarðvegsskipti og landmótun
 - Yfirborðsfrágangur, gervigras og þökulögn
 - Uppsetning á girðingum við gervigrasvöll





Yfirlitsmynd






Kostnaður og verktími

- Kostnaðaráætlun framkvæmdar: 70 m.kr.
 - Flokkur 2 (-10% til +15%)
- Áætlað er að framkvæmdir hefjist í ágúst 2026 og er áætlað að þeim ljúki í desember 2026



Gildandi deiliskipulag frá 22.03.2007, m.s.br., mkv. 1:1000



Breyting á deiliskipulagi maí 2023, mkv. 1:1000



Ásýnd suður fyrir breytingu



Ásýnd suður eftir breytingu - skýringarmynd



Skýringarmynd, yfirlit



Hluti gildandi Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

GREINARGERÐ

Breyting á reit U og L innan deiliskipulags Landakotstúns.

Breytingin felur í sér að skilgreina stærra svæði innan núverandi útivistarsvæðis sem leik-, íþrótt- og dvalarsvæði með það að markmiði að efla útivistarsvæði Landakotstúns.

Á svæðinu er gert ráð fyrir að settur verði upp gervigrasvöllur sem hægt er að nota á margvíslegan hátt bæði fyrir boltaíþróttir en einnig fyrir almennan leik. Völlurinn má vera allt að 21x36 m. að stærð. Samhlíða verður leik- og dvalarsvæði endurhannað þar sem lögð verður áhersla á að skapa aðgengilegt svæði fyrir alla og aðlaðandi áningarstað.

Deiliskipulagið fellur undir svæðið "innan Hringbrautar" sem er skilgreint sem verndarsvæði skv. hverfisverndarákvæðum skipulagslaga í Aðalskipulagi Reykjavíkur (2010-2030), bindandi stefna. Með vísan í aðalskipulagið þar sem fjallað er um markmið hverfisverndar innan Hringbrautar er bent á eftirfarandi: "Við hönnun og endurgerð almenningssvæða, t.a.m. varðandi götur, gangstéttir, kantsteina, lýsingu, merkingar og önnur götugögn, verði menningarsögulegum gildum haldið á lofti." Því er afar mikilvægt við hönnun og útfærslu svæðisins að tekið sé mið af þessu, staðsetningu og menningarsögu Landakotstúns.

Við framkvæmdir sem hafa jarðrask í för með sér skal fenginn forleifafræðingur til að hafa framkvæmdaæfirlit.

Umhverfisáhrif tillögunnar eru jákvæð, verið er að efla núverandi útivistarsvæði á Landakotstúni og skapa fjölbreyttari notkunar möguleika með hagsmunum íbúa og nemenda Landakotsskóla í huga.

Að öðru leyti gilda skilmálar úr samþykktu deiliskipulagi. Sérstaklega er bent á kaflann **Trjágróður** og skal leggja áherslu á að vernda núverandi trjágróður við framkvæmdina.

Breyting eftir auglýsingu.

Bætt inn ákvæði samkvæmt Hverfisskipulagi og texta um trjágróður í gildandi deiliskipulagi samkvæmt ábendingu Skipulagsstofnunar.

Bætt inn kröfu um framkvæmdaæfirlit forleifafræðings samkvæmt ábendingu Minjastofnunar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í borgaræði þann 25.5.2023

og í deild skipulagsmála þann 3.8.2023

Tillagan var auglýst frá 16.6.2023 með athugasemdafresti til 28.7.2023

Þórunn Ástheim

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 21.12.2023

Greinargerð uppfærð skv. ábendingum Skipulagsstofnunar og Minjastofnunar DAGS, 09.11.2023

LANDAKOTSTÚN



LANDMÖTUN • HAMRABORG 12 • 200 KÓPAVOGUR • S. 575 5300 • KT. 561304-2760 • NETT: landmotun@landmotun.is

LANDAKOTSTÚN

BREYTING Á DEILISKIPULAGI

SKIPULAG: Áslaug Traustadóttir

TEIKNAD: GMM

KVARDI 1:1000

VERKNR.

SAMÞYKKT:

F.h. Landmótunar af


u. 311258-2723

KÓPAVOGUR

TEIKN. NR.

DAGS, 04.05.2023

BR.



Skýringarmynd, snið AA', mælikvarði 1:500



Reykjavík